

---

**FUNDARGERÐ**

<b>Fundur:</b>	<b>Raforkuhópur 2012-01</b>
<b>Fundartími:</b>	<b>Fimmtudagur 2. febrúar 2011 kl. 14:30</b>
<b>Fundarstaður:</b>	<b>Orkustofnun, Grensásvegi 9</b>
<b>Fundarefni:</b>	<b>1) Fundargerð síðasta fundar. 2) Skipan raforkuhóps og skipulag starfsins. 3) Raforkunotkun ársins 2011. 4) Fréttatilkynning um raforkunotkun 2011. 5) Birting gagna frá einstökum fyrirtækjum. 6) Ótryggð orka. 7) Breytingar á starfinu vegna tilskipunar um endurnýjanlega orku. 8) Önnur mál.</b>

---

<b>Á fundinn mættu:</b>	
<b>Raforkuhópurinn:</b>	Erla Björk Þorgeirsdóttir Gunnar Aðalsteinsson Rúnar Svavar Svavarsson Sigurður Ágústsson
<b>EFLA:</b>	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
<b>Fjarverandi:</b>	Baldur Dýrfjörð Íris Baldursdóttir Ásgeir Sigtryggsson Pétur E. Þórðarson

- 1) Engar athugasemdir við fundargerð síðasta fundar.
- 2) GA sagðist mundu hætta störfum hjá Orkuveitu Reykjavíkur á næstunni og kæmi Rúnar Svavar Svavarsson í hans stað í hópnum. Engar frekari breytingar komu fram á hópnum. Skipulag starfsins verður svipað á árinu og undanfarið nema líklega þarf að gera einhverjar breytingar vegna tilskipunar um endurnýjanlega orku sbr. lið 7) í dagskránni.
- 3) IB fór yfir tölur um raforkunotkun ársins 2011. Hann sagði að það vantaði ennþá endanlegar tölur frá Orkuveitu Reykjavíkur varðandi Helligheiði og Nesjavelli en í

tölunum sem voru sýndar hafði vinnsla þessara virkjana verið áætluð út frá innmötun inn á Landsnet. RSS mun sjá til þess að gögnin komi sem fyrst.

Raforkuvinnsla var 17.203 GWh árinu 2011 og jókst um 0,8% frá fyrra ári. Flutningstöp voru 323 GWh en þau hafa minnkað um 1,9% á milli ára. Samkvæmt þessum tölum hefur almenn notkun aukist um 2,1% og er aukningin heldur minni eftir hitastigsleiðréttingu þar sem árið 2011 var heldur kaldara en árið 2010 eða 1,2%. Stórnotkun hefur aukist um 0,6%. Almennrar forgangsorku eykst um 1,7% og 0,9% eftir hitastigsleiðréttingu. Ótryggð orka eykst um 6,1% og 4,4% eftir leiðréttingu.

JV sýndi töflu um þróun forgangsorku á veitusvæðum dreifiveitna á síðasta ári (með dreifitöpum). Engin aukning var á veitusvæði OR og lítil hjá HS veitum. Mest er aukningin hjá Orkubúi Vestfjarða eða 6,8% sem stafar að mestu af aukningu hjá kalkþörungaverksmiðjunni. Á veitusvæðum Rarík er síðan 2,3% aukning. Þessar tölur benda til þess að sá hagvöxtur sem nú mælist hér á landi sé að mestu utan Suðvesturlands.

- 4) JV fór yfir drög að fréttatilkynningu um raforkunotkun og sagði að tölur yrðu uppfærðar þegar gögn verða komin frá Orkuveitu Reykjavíkur. EBP taldi áhugavert að sýna mynd um samanburð á spám og rauntölum. Fréttatilkynningin er annars eins upp byggð og í fyrra. JV mun senda uppkastið að fréttatilkynningu á fundarmenn til að fá athugasemdir.
- 5) IB sagðist hafa sent beiðni á dreifiveiturnar um að senda inn raforkunotkun eftir notkunarflokkum. Notkunarflokkar eru komnir frá OR, HS Veitum og OV. Búið er að keyra inn gögn um afl en eins og áður þarf að áætal vinnslu í nokkrum virkjunum. IB sýndi einnig nokkara myndir varðandi raforkunotkun 2011.
- 6) Frestað var að ræða um birtingu gagna til næsta fundar þar sem fulltrúar Landsnets voru ekki á fundinum.
- 7) Sala á ótryggðri orku breyttist um síðustu áramót svo nú má segja að sala til hitaveitna sé í raun eina ótryggða orkan í kerfinu. Ákveðið var að hætta að greina ótryggða orku frá forgangsorkunni en samt verður gögnum um þessa notkun safnað áfram þar sem miklar sveiflur geta veri í henni á milli ára sérstaklega í fiskimjölsværksmiðjunum.
- 8) JV sagðist hafa farið á fund í iðnaðarráðuneytinu varðandi tilskipun um endurnýjanlega orku. Samkvæmt henni þarf Ísland að útbúa áætlun um aukna notkun á endurnýjanlegri orku og taka saman ávinning í samanburði við það ef ekkert væri gert. Það sem taka þarf saman er nátengt starfi orkuspárnefndar og því liggur beinast við að nefndin aðstoði iðnaðarráðuneytið við þessa vinnu. Allir hópar nefndarinnar þyrftu að koma að þessu máli. Ráðuneytið hefur sent bréf til orkumálastjóra um þetta mál.

JV sýndi tilskipunina og önnur tengd gögn. Einnig lista yfir þætti sem vinna þarf að og hver gæti sinnt þeim þáttum. Áætlun þarf að vera tilbúin næsta sumar og ef nefndin tekur þetta að sér kallar það á verulega vinnu á næstu mánuðum. Síðan þarf á tveggja ára fresti að bera saman rauntölur við áætlun til ársins 2020. JV var falið að gera áætlun um þá vinnu sem þetta kalla á hjá hópnum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:50. Fundarmenn þökkuðu Gunnari fyrir samstarfið í hópnum undanfarin ár. Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 1. mars 2012.

---

Jón Vilhjálmsson

Dreift var fyrir fundinn:

Dreift var á fundinum:

Sýnt var en ekki dreift:

- Drög að fréttatilkynningu: „Raforkunotkun ársins 2010“.
- Töflur um raforkunotkun á árinu 2011.
- Nokkrar myndir um raforkunotkun 2011.
- - Directive 2009/28/EC of the European Parliament and of the Council.
- - Comission decision of 30 June 2009 establishing a template for National Renewable Energy Action Plan under Directive 2009/28/EC of the European Parliament and of the Council.
- - National Renewable Energy Action Plan, Ireland.
- - Energy Forecast for Ireland to 2020. 2011 Report.
- - Vinna sem tilskipun Evrópusambandsins 2009/28/EC mun leiða af sér (JV).

Verkefni:

Umsjón	Verkefni
RSS	Gögn um vinnslu á Hellsheiði og Nesjavöllum
Allir	Fara yfir fréttatilkynningu
JV	Gera áætlun um vinnu vegna tilskipunar um endurnýjanlega orku